

222. Stjórnarfundur Sorpstöðvar Suðurlands bs.

13. nóvember 2012, kl. 11:00 á Austurvegi 56.

Mætt: Gunnar Egilsson, Ari Thorarensen, Guðfinna Þorvaldsdóttir, Aldís Hafsteinsdóttir, Aðalsteinn Sveinsson og Guðmundur Tryggvi Ólafsson.

Dagskrá :

Formaður setti fund og þakkaði Guðmundi Inga Gunnlaugssyni og Gunnari Þorgeirssyni fyrir samstarfið, jafnframt bauð formaður nýja stjórnarmenn Aðalstein Sveinsson og Guðfinnu Þorvaldsdóttur velkomin.

1. Kynningarfundur um urðunarstaði.

Fyrir sveitarfélögum á Suður- og Vesturlandi liggur ósk um tilnefningu á líklegum svæðum til urðunar. Stefnt er að kynningarfundum um urðunarstaði 27. nóvember nk., þar verður gert grein fyrir þeim gögnum sem fyrir liggja um mögulega urðunarstaði á Suðurlandi.

2. Sameining SORPU og SOS.

Drög að eigendastefnu SORPU lögð fram til kynningar.

3. Framlenging á samkomulagi SORPU og SOS.

Framkvæmdastjóra falið að ganga frá framlengingu til 1 árs á óbreyttum samningi milli SORPU og SOS frá 22. maí 2009, um móttöku og meðhöndlun úrgangs sem upprunninn er á starfssvæði SOS.

4. Fundargerð aðalfundar SOS.

Fundargerð samþykkt.

5. IPA styrkumsókn.

Framkvæmdastjóri kynnti umsókn um IPA styrk. Verið er að sækja um styrk til verkefnis sem hefur það að markmiði að nýta lífrænan úrgang til orku og áburðargerðar. Framkvæmdastjóra falið að vinna áfram að umsókninni.

6. Önnur mál

Engin

Fleira ekki gert og fundi slitið kl 12:45